



Fundur háskólaráðs 6. mars 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 05.03.2003
Dags: 06.03.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

5/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 6. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Stefán Svavarsson, Þorsteinn Loftsson, Ármann Höskuldsson, María Guðmundsdóttir, Hjalti Hugason, Jón Ó. Skarphéðinsson, Davíð Gunnarsson, Anna Soffía Hauksdóttir.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram ræða rektors við brautskráningu kandiádata 22. febrúar 2003.
- 1.2 Lögð fram dagskrá námskeiðs fyrir stjórnendur Háskóla Íslands sem haldið verður föstudaginn 7. mars 2003.
- 1.3 Lagt fram bréf Gunnars Harðarsonar, dags. 19. febrúar 2003, þar sem hann tilkynnir að hann gefi ekki kost á sér til stjórnarsetu áfram í stjórn Listasafns Háskóla Íslands.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram bréf frá formanni stjórnar og forstöðumanni Rannsóknastofu í kvennafræðum, dags. 19. febrúar 2003. Í bréfinu er óskað eftir breytingu á nafni Rannsóknastofu í kvennafræðum í Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Samþykkt einróma.
- 2.2 Lagðar fram umsagnir lagadeildar, kennslumálanefndar og vísindanefndar varðandi mótmæli Félags háskólakennara gegn ráðningu háskólakennara í lagadeild með 20% starfshlutfall og enga rannsóknaskyldu.
-Samþykkt samhljóða að fela formannanefndinni og fulltrúa Félags prófessora og Félags háskólakennara að semja drög að reglum um það, hvernig starfsskyldur einstakra starfsmanna Háskólans skiptast og um lágmarkshlutfall hvers starfsþáttar.
- 2.3 Lagt fram bréf frá forsætisráðuneytinu, dags. 13. febrúar 2003, þar sem óskað er eftir að Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefni fjóra fulltrúa í Vísinda- og tækniráð og jafnmarga til vara.
- Rektor falið að afgreiða málið f.h. Háskóla Íslands.
- 2.4 Kjör í stjórn Listasafn Háskóla Íslands.
-Samþykkt einróma að ný stjórn Listasafns Háskóla Íslands verði skipuð Ástráði Eysteinsyni, Ingibjörgu Hilmarsdóttur og Guðrúnu Bachmann.
- 2.5 Lagt fram bréf Önnu Agnarsdóttur, forseta heimspekideildar, dags. 4. mars 2003. Óskað er eftir samþykki háskólaráðs til að ráða dr. Kaoru Umezawa lektor í japönsku máli og menningu án þess að starfið sé auglýst laust til umsóknar.
- Samþykkt einróma.
- 2.6 Kærur vegna samkeppnisprófa í læknadeild.
- Frestað. Halldóri Jónssyni, framkvæmdastjóra rannsóknasviðs, falið að undirbúa úrskurð háskólaráðs vegna kærumálanna.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Viðbótarsamningur um kennslu. Staða mála.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins. Enn er beðið eftir viðbrögðum menntamálaráðuneytisins.

3.2 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun, sbr. síðasta fund. (Yfirlit lagt fram 30. janúar sl.).

- Frestað.

3.3 Fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2003.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði rækilega grein fyrir framlögðu minnisblaði nefndarinnar um fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2003, dags. 6. 3. 2003. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Afgreiðslu fjárhagsáætlunar Háskólans fyrir árið 2003 frestað til næsta fundar.

3.4 Erindi, dags. 7. febrúar 2003, frá forseta læknadeildar um kjörgengi í embætti deildarforseta og varadeildarforseta.

Halldór Jónsson gerði grein fyrir málinu.

- Háskólaráð samþykkti einróma eftirfarandi bókun:

“Við skýringu á reglum Háskóla Íslands þar sem kveðið er á um fullt starf háskólakennara og sérfræðinga, ber að taka tillit til þess hvort starf þess háskólamanns sem í hlut á hverju sinni tengist starfi utan Háskólans eða starfi við háskólastofnanir, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

Hafi háskólamaður á grundvelli ofangreinds lagaákvæðis, samhliða starf á stofnun sem Háskólinn hefur gert samning við um samstarf á fræðasviði háskólamannsins sbr. 30. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, telst háskólamaðurinn vera í fullu starfi við Háskólann ef hlutfall háskólastarfsins er 50% eða hærra.”

3.5 Þverfaglegt nám á meistarastigi við Háskóla Íslands. Skipulag. (Minnisblað lagt fram 20. febrúar sl.).

- Samþykkt einróma að fela rektor að fylgja eftir tillögunum, sem settar eru fram á minnisblaðinu, í samráði við deildarforseta.

3.6 Tilnefning fulltrúa háskólaráðs í dómnefnd um mat á hæfi umsækjenda um akademískar nafnbætur. (Minnisblað lagt fram á síðasta fundi).

- Samþykkt einróma að tilnefna Jórunni Erlu Eyfjörð dósent sem fulltrúa háskólaráðs í nefndinni.

3.7 Úrskurður háskólaráðs varðandi kæru Jóhanns M. Haukssonar vegna samkeppnisprófa í læknadeild.

- Frestað. Halldóri Jónssyni, framkvæmdastjóra rannsóknasviðs, falið að undirbúa úrskurð háskólaráðs.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 14.40.